

Minningarorð um Þuríði Sigurjónsdóttur

Hún var jarðsett síðastl. föstudag. — Jeg veit, að ekkert var hennar sjálfri fjær skapi en að láta blása fyrir sjer í básúnur, og jeg er því eiginlega — gagnvart henni — að stelast, með því að skrifa þessar línur; en Þura, eins og við vinir hennar fengum að kalla hana, var svo sjerstök stúlka, að við sleppum henni ekki þegjandi úr garði.

Þuríður var fædd suður með sjó, þar sem úthafið gnauðar og brotsjóir og holskeflur rísa, og ef jeg þekti hana rjett, þá mun hún ekki hafa verið orðin stór, hún Þura litla með ljósu lokkana, þegar hún fór að keppa um það við hafið, hvort herra gæti sungið. — Það var hennar skap.

Og Þura söng alt sitt líf, þótt ei í bókstaflegri merking sje meint — söng um sig gleði, hje og þor, þótt hún sjálf væri svanur í sárum, — þótt hún lengst af ætti í fangbrögðum við hinn alvarlegasta sjúkdóm. Engum hefi jeg kynst, er eins hafi sýnt það í verki, hvílik kyngi því fylgir að eiga sálarþrek.

Við undruðumst og við dáðumst, því hún, hin veika, var hin glaða, hressa og sterka.

Þura var ekki venjuleg, hvorki um gáfur nje hjartalag. Við vinir hennar megum minnst margra ánægjulegra samverustunda, þar sem leiftraði um hana greindin, fjörið og rökfimin. Hennar heimar voru heiðir og háir, þrotlausir og bjartir. — Þar var gott að vera.

Hjartað var meiri leyndardómur, því það var hennar helgidómur, sem hún umgekkst með ýrtustu varúð. Það var aðeins á skotspónum útifrá, sem við vorum smátt og smátt að kynnast hjarta lagi hennar, því um kærleiksverk sín var hún sjálf þögul sem grófin. En mikið óx hún í augum okkar eftir því sem tíminn leið.

Hún var ekki stjarna á neinum æjerstökum himni, þótt hún ætti margar forsendur til að vera það; má þar benda á gáfur hennar og lithneigð, — enda kepti hún ekki eftir því, — en hún var lifandi mansbarn með alla þá elskulegustu þætti samanfljettada, sem þrýða það hugtak í þess fegurstu merkingu.

Okkur vinum hennar er hún mikill harmdauði, en við kveðjum hana ekki með sorg og sít, það væri andstætt hennar hetjuhund. Við geymum og þökkum minningarnar kærur og felum hana blessun guðs, sem gaf okkur hana; gaf okkur vináttu hennar, trygð og göfgi.

Garðar Svavarsson.

Sumarfagnaður Heimdallar verður haldinn annað kvöld í Oddfellowhúsinu. Til skemtunar verða ræðuhöld, söngur, hljóðfærslátur og dans. Ekki þarf að lýsa hjer aðsókn að skemtunum þessa fjölmennasta stjórnmálafjelags hjer á landi, mennti vja að á þeim er jafnan hvert sæti skipað, enda eru skemtunar með afbrigðum skemtilegar.

Dagbók.

☒ „Helgafell“ 59374227 — IV./V. — 2.

I.O.O.F. ≡ Ob. 1 P. ≡ 1184208 1/4

Veðrið (mánudagskvöld kl. 5): Fyrir suðvestan Ísland er alldjúp lægð, sem þokast NA og veldur A—SA-átt um alt land, sumstaðar allhvassri. Norðanland er þurt veður en nokkur rigning í öðrum landshlutum, mest við SV-ströndina. Hið er frá 1—8 st., mestur í innsveitum nyrðra.

Veðurútlit í Rvík í dag: A- eða SA-kaldi. Dálitil rigning.

Hjónaefni. Síðastliðnum laugar- dag opinberuðu trúlofun sína ungrú Klementína M. Klemensdóttir og Björgvín Ólafsson prentari.

Karlakórinn Vísir syngur í Gamla Bíó í kvöld og annað kvöld. Aðgöngumiðar að söngnum í kvöld munu allir hafa selst í gær og nokkuð pantað til næsta kvölds.

Eimskip. Gullfoss er á leið til Leith frá Vestmannaeyjum. Goðafoss kom að vestan og norðan kl. 9 í gærmorgun. Brúarfoss fór frá is til Leith. Dettifoss fór frá Hull Kaupmannahöfn í fyrradag, áleið í gær, áleiðis til Vestmannaeyja. Lagarfoss er á Akureyri. Selfoss er á leið til Antwerpen.

Skíðafjlag Reykjavíkur heldur skemtikvöld fyrir fjelaga og gesti þeirra í Skíðaskólanum síðasta vetrardag, með borðhaldi og dansi. Farið verður frá Rvík í bílum kl. 7½ síðdegis. Áskriftalisti liggur frammi hjá formanni fjelagsins L. H. Müller til þriðjudagskvölds kl. 7. —

„L'Ailette“, franska eftirlitsskipið, kom hingað í gær. Alliance Francaise heldur dansleik í kvöld til heiðurs yfirmönnum skipsins.

Til Hafnarfjarðar hafa komið af veiðum í dag: Venus með 25 tunur lifrar, Surprise með 118 tn. og Júní með 107 tn. (FÚ.).

Lyra kom frá Bergen kl. 1 í nótt.

Tveir þýskir togarar komu hingað í gærmorgun; annar með veik- an mann en hinn vegna lítilsháttar bilunar.

Guðjón Jónsson bryti nú tekið við ráðsmöskum í Skíðaskólanum í Hveradölum. Guðjón er með þektustu og vinsælustu veitingamönnum landsins. Í 14 ár var hann bryti á skipum Eimskipafjelags Íslands og naut jafnan almennra vinsælda og trausts farþega og annara sem við hann þurftu að skifta. A. Jørgensen, sem verið hefir ráðsmaður Skíðaskólans frá því hann var bygður, fer nú til Þingvalla.

Barnadagurinn, blað Barnavinafjelagsins „Sumargjöf“, sem gefið er út einu sinni á ári, er komið út. Efni blaðsins er mikið og fjall- ar um barnaupeldi og starfsemi „Sumargjafar“. Menn styrkja gott málefni með því að kaupa blað þetta.

70 ára er í dag Eiríkur Eiríks- son fiskimatsmaður, Vesturvalla- götu 4.

Tvö innbrot voru framin aðfara- nótt sunnudagsins s.l. Í verslun H. Biering á Laugaveg 3 var sprengd upp hurð á bakdyrum. Stolið var um 10 krónum í peningum og 6 alþingishátíðarpeningum. Í kjall- arageymslu Þöntunarfjelagsins á Hverfisgötu 16. Þar var stolið verkamannafötum.

Frá Ungmennadeild Slysavarna- fjel. Ísl. í Hafnarfirði. Kensla fyr- ir unglina í umferðareglum fer fram alla mánudaga og miðviku- daga kl. 4—5 e. h. í leikfimiúsi barnaskólans. Öllum unglinum á aldrinum 12—16 ára er heimil þátt taka. Námskeiðin eru ókeypis. Væntanlegir þátttakendur gefi sig fram næstkomandi miðvikudag kl. 4 e. h. í barnaskólanum. Kenslu annast fulltrúi Slysavarnafjelags Íslands.

- Útvarpið:**
Þriðjudagur 20. apríl.
19.20 Þingfrjettir.
20.00 Frjettir.
20.30 Trío Tónlistarskólans leikur.
21.00 Húsmæðratími.
21.10 Erindi (frá Akureyri): Sag- an og áfengið, II. (Brynleifur Tóbiasson mentaskólakennari).
21.35 Symfóníu-tónleikar: Beet- hoven: Symfónía nr. 3 (Eroica) (til kl. 22.30).



Það

sem ekkert heimili má vanta.



Afburða fljótvirkt og drjúgt. Fínt, risp- ar ekki.

EGGERT CLAESSEN. hæstarjettarmálaflutningsmaður. Skrifstofa: Oddfellowhúsið, Vonarstræti 10. (Inngangur um austurdyr).

Nýttísku svefnaherbergishúsgögn

mjög vönduð, höfum vjer til sölu strax.

Húsgagnavinnustofa Árna Skúlasonar, Mjóstræti.

Barnasumargjafir.

Mörg hundruð tegundir úr að velja. Einnig mikið úrval af sumargjöfum fyrir fullorðna.

K. Einarsson & Björnsson. Bankastræti 11.

Sumargjöf fyrir unglina.

KARL LITLI og ROBINSON KRUSOE eru bestu þækurnar handa drengjum. —

HEIÐA og SESSELJA SÍÐSTAKKUR handa stúlkum.

Morgunblaðið með morgunkaffinu

UPPBOÐ.

Opinbert uppboð verður haldið við Arnarhval miðviku- daginn 28. þ. mán. kl. 1 e. háð.

Verða þar seldir allskonar innanstokksmunir, þar á meðal: 1 borðstofusett, 1 kombinaður skápur úr hnotu, pólerað borð og bókaskápur, hægindastólar, gólfteppi, eitt útvarpstæki, eitt orgel, tvö píanó. Ennfremur skrifborð og ein ritvjel.

Þá verða seld ca. 53 pör af skófatnaði o. m. fl. Greiðsla fari fram við hamarshögg.

Lögmaðurinn í Reykjavík.



Hjer með tilkynnist að maðurinn minn og faðir okkar, **Jón Kristjánsson lækni,** andaðist í Landakotspítala laugardagskvöldið 17. apríl. Emilia Sighvatsdóttir og börn.

Það tilkynnist hjer með að maðurinn minn og faðir okkar, **Páll Erlingsson,** sundkennari, andaðist 19. apríl. Ólöf Steingrimsdóttir, Steingrímur, Erlingur, Ólafur og Jón Pálssynir.

Jarðarför frá Soffiu Holm fer fram frá heimili hennar, Laugaveg 20 A, miðvikudaginn 21. apríl kl. 1 e. háð. Jarðað verður í gamla kirkjugarðinum. Aðstandendur.

Hjartkærar þakkir öllum, er sýndu samúð við andlát og jarðarför mannsins míns, föður okkar og tengdaföður, **Valdemars Jónssonar.** Magdalena Jósefsdóttir, börn og tengdabörn.

Þökkum innilega auðsýnda samúð og hluttekningu við frá- fall og jarðarför elsku litla drengsins okkar, **Gísla.** Þórunn Hallgrimsdóttir og Jón Stefánsson.

Innilegt þakklæti fyrir auðsýnda hluttekningu við andlát og jarðarför móður og tengdamóður okkar, **Guðrúnar M. Guðmundsdóttur.** Hólmfríður Helgadóttir og Valdimar Stefánsson.